

SKÍÐASAMBAND
ÍSLANDS



SKÝRSLA STJÓRNAR OG NEFNDA

2023 -2024

Skýrsla stjórnar og nefnda Skíðasambands Íslands,
lögð fram á Skíðapingi á Ísafirði 20. og 21. september 2024

Efni skýrslu

Skýrsla stjórnar SKÍ 2023 – 2024	2
Stjórn og nefndir	2
Fundur í stjórn og þátttaka í öðrum fundum og ráðstefnum	3
100 ára afmælisþing FIS í Reykjavík 2024	4
Skrifstofa sambandsins og starfslið.....	4
Íþrótta- og mótamál.....	7
Afreksmál	9
Mótakerfi SKÍ.....	9
Mótahald.....	10
Fræðsla, útbreiðsla og þróun	11
Þróun fjölda iðkenda	11
Aðstöðumál.....	12
Mótun íþrótta- og afreksstefnu	13
Lokaorð	13
Skýrslur nefnda 2023-2024	15
Alpagreinanevnd.....	15
Skíðaganga	18
Skíðaskotfimi.....	19
Snjóbretti	20

Skýrsla stjórnar SKÍ 2023 – 2024

Stjórn og nefndir

Stjórn, varstjórnarmenn og nefndarformenn sem kosin voru á Skíðapingi 20. og 21. október 2023 á Sauðárkróki eru:

Stjórn

- Bjarni Th. Bjarnason, formaður
- Jón Egill Sveinsson
- Hugrún Elvarsdóttir
- Gísli Reynisson
- Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður alpagreinanevndar
- Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar
- Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóbrettanefndar

Stjórn skipti með sér verkum þannig að Jón Egill var kosinn varaformaður, Hugrún ritari og Gísli gjaldkeri.

Varamenn

- Katrín Einarsdóttir
- Davíð Björnsson
- Jóna Lind Kristjánsdóttir

Stjórn SKÍ skipaði í nefndir á eftirfarandi hátt tímabilið 2021-2023:

Alpagreinanevnd 2023-2025

- Sigurður Sveinn Nikulásson, formaður kjörinn á þingi
- Erla Ásgeirsdóttir
- Kristinn Logi Auðunsson

Skíðagöngunefnd 2021-2023

- Einar Ólafsson, formaður, formaður kjörinn á þingi
- Rúnar Gunnarsson
- Hlynur Kristinsson

Rúnar lét síðsumars af störfum í nefndinni að eigin ósk, en ekki hefur verið tilnefndur fulltrúi í hans stað.

Snjóbrettanefnd 2021-2023

- Aðalsteinn Valdimarsson, formaður, formaður kjörinn á þingi
- Linda Björk Sumarliðadóttir
- Margrét M. Róbertsdóttir

Aganefnd 2023-2025

- Elvar Örn Unnsteinsson, formaður
- Brynhildur Georgsdóttir
- Smári Þorvaldsson

Laga- og reglugerðarnefnd 2021-2023

- Elvar Jónsson, formaður
- Ása Sandholt
- Þórunn Sif Harðardóttir

Skóðunarmenn ársreikninga voru kjörin

- Aðalmenn: Smári Þorvaldsson, Þórunn Sif Harðardóttir
- Til vara: Hrefna Magnúsdóttir, Sigrún Inga Kristinsdóttir

Fundir stjórnar og þátttaka í öðrum fundum og ráðstefnum

Stjórn SKÍ hefur haldið 10 stjórnarfundi frá síðasta Skíðapingi, en í upphafi starfstímabilsins var ákveðið að hafa fundi mánaðarlega. Allir fundirnir voru í gegnum fjarfundabúnað. Til framtíðar er ljóst er að fjarfundir verða áfram megin fundarformið vegna þess að góð reynsla er komin á það fundarform og það sparar einnig ferðalög og lækkar kostnað við fundahald. Hefðbundnir fundir í eigin persónu þurfa þó að vera nokkrir á hverju ári.

Fulltrúar SKÍ sóttu kynningarfund sl. vetur hjá ÍSí með nýjum áherslum í íþrótt- og afreksmálum. Eðlilega eru innan skíða- og snjóbrettahreyfingarinnar bundnar miklar vonir við þau markmið og yfirlýsingar um aukið fjármagn og þann metnað sem settar eru fram í áætlunum ríkistjórnarinnar og ÍSí. Verði þessar tillögur að veruleika munu þær í framtíðinni umbreyta umhverfi íþróttar hér á landi og gera okkar íþróttir samkeppnisfærar við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund FIS í *Portoroz* í Slóveníu í vor sem og formannafund ÍSí í haust sem leið. Auk þess fór formaður Skíðagöngunefndar á fund *Scandic Cup* í Finnlandi í lok maí og hann sótti einnig fræðslufund IBU í Svíþjóð í kjölfarið. Þá var nokkur fjöldi fjarfunda sem bæði FIS og IBU efndu til sem fulltrúar SKÍ sóttu.

100 ára afmælisþing FIS í Reykjavík 2024

100 ára afmælisþing FIS var haldið í Hörpu í Reykjavík 4. og 5. júní sl. Alls komu vel á fimmta hundrað fulltrúar skíða- og snjóþrettaiþróttarinnar til landsins af tilefninu hvaðan æva úr heiminum. Óneitanlega var það mikill heiður fyrir íslenska skíðaíþróttir að Ísland skyldi verða fyrir valinu, en það var m.a. fyrir atbeina formanns FIS, Johans Eliasch, en Ísland var eitt af fyrstu löndum heims sem lýstu yfir stuðningi við hann þegar hann gaf kost á sér í embættið. Hafa ber í huga að það voru sjö önnur lönd sóttust eftir því að halda þetta þing. Ein helsta ástæða stuðnings Íslands við Johan Eliasch var aukinn fjárhagslegur stuðningur við aðildarþjóðir FIS, sérstaklega smáþjóðir. Johan er nú að ná í gegn breytingum á auglýsinga- og sýningarrétti alþjóðlegra skíðamóta sem í framtíðinni mun verða undir formerkjum FIS, en ekki mótshaldara eingöngu. Þetta þýðir auknar tekjur til FIS sem aftur munu skila sér í auknum framlögum til aðildarþjóða þess, sem var eitt af baráttumálum hans fyrir kjöri sem formanns. Kostnaður SKÍ af FIS þinginu hér var óverulegur, bæði af undirbúningi og þinghaldi. Helst var um að ræða lítilsháttar vinnu skrifstofu auk þess sem formaður og framkvæmdastjóri áttu fundi með starfslíði FIS bæði hér á landi og í tengslum við fundi erlendis í aðdraganda og lok þingsins. Á móti kom að ferðakostnaður okkar á þingið var eingöngu innanlands.

Skrifstofa sambandsins og starfslíð

Tveir fastráðnir starfsmenn, framkvæmdastjóri og afreksstjóri sinna sem fyrr daglegum verkefnum á vegum sambandsins. Að auki er sambandið með ráðningarsamband við landsliðsþjálfara í skíðagöngu Vegard Karlstrøm sem var endurráðinn til eins árs sem landsliðsþjálfari í skíðagöngu, en Snorri Einarsson verður honum til aðstoðar. Alpagreinanefnd hefur gert samning við Marko Spoljaric um þjálfun og utan umhald landsliðs í alpagreinum. Afreksfólk á snjóþrettum er í þjálfun hjá sínum þjálfurum. Stefnt er að bæta öðrum þjálfara við í alpagreinar eftir áramótin vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana.

Um hæfileikamótun sjá Jökull Elí Borg fyrir snjóþretti, Þorsteinn Hymer fyrir skíðagöngu og Fjalar Úlfarsson fyrir alpagreinar. Samræmd ákvæði eru í ráðningarsamningum þeirra um markmið og undirbúning sinna liða.

Alls voru 16 einstaklingar sem komu að

afreksstarfi sambandsins á síðasta starfsári með einum eða öðrum hætti auk starfsfólks skrifstofu, flestir tímabundið eða í hlutastarfi. Samanlagt umfang þessara starfa er um 4,4



stöðugildi á ársgrundvelli. Þá eru 10 einstaklingar í fagteymi SKÍ sem leitað er til eftir þörfum, bæði um fræðslu og þjálfun eða endurhæfingu.

Fjármál og rekstur

Eins og ársreikningar sambandsins fyrir síðasta ár bera með sér urðu talsverð umskipti á rekstri sambandsins í fyrra, eða um 33 m.kr. viðsnúningur til hins verra. Tap á rekstri sambandsins nam um 23 m.kr. á árinu en var bókhaldslega jákvæður um 10 m.kr. á árinu 2022. Rekstrarkostnaður sambandsins var í heildina nær því hinn sami og árið áður, þannig að rekstrarhalli skýrist nær eingöngu með lægri tekjum. Skýringar á lægri tekjum eru helstar þær að þá lækkuðu framlög og styrkir til sambandsins frá því árinu áður og frá því áætlanir gerðu ráð fyrir og um 20 m.kr. Mestu munar þar um lægri tekjur frá Afrekssjóði um 8 m.kr. og frá FIS um 10 m.kr. Lækkun framlags úr afrekssjóði skýrist m.a. af því að 2023 var ekki „Ólympíuár“ hjá okkur í fyrra og vegna aðhaldskröfu ríkisins á öll framlög úr ríkissjóði það árið.

Önnur ástæða lakari afkomu í fyrra er að skuldbindingar vegna ákvarðana um styrki til íþróttamanna voru gjaldfærðar í bókhaldi sambandsins við ákvörðun, ekki greiðslu eins og hafði verið gert undangengin ár.

Áður var rekstur sambandsins gerður upp á greiðslugrunni sem ekki sýndi raunverulegar skuldbindingar sambandsins, þ.e. þær skuldbindingar sem ekki voru greiddar. Þetta leiðir að þriðju skýringunni, að uppsafnaðar skuldir og skuldbindingar sem ekki komu fram í uppgjöri. Það var að stórum hluta uppgjör vegna „milligöngu“ og ábyrgðir SKÍ fyrir æfingakostnaði einstaklinga í *Lowlander* verkefninu í alpagreinum og hjá *WAY Academy* á snjóbrettum. FIS úthlutar sínum styrkjum grundvöllum á fjölda greina sem við stundum, þátttöku á erlendum mótum en um helmingur fjármagns frá þeim er vegna FIS móta sem við höldum hér á landi. En fjármagnið sem FIS útdeilir á hverju ári til sinna sambanda ræðst af árlegri heildarsummu sem sambandið hefur til útdeilingar hverju sinni og niðurbroti eftir verkefnum o.fl.



Á mörgum sviðum var „opið“ fyrir útgreiðslur af reikningum sambandsins, eða öllu heldur ónóg stjórnun með útgjöldum. Í kjölfarið hefur stjórn ákveðið að viðhafa skýrari reglur um útgjöld og hverjir mega skuldbinda sambandið. Eins hafa ný vinnubrögð verið tekin upp við áætlanir og undirbúning æfingabúða og þátttakendum gert að greiða áætlaða

kostnaðarhlutdeild sína fyrir fram. Með þessu hafa innheimtur verið nær 100% en eftir á innheimtur voru að skila e.t.v. um 2/3 kostnaðar til sambandsins auk mikillar vinnu við eftirfylgni. Stjórn hefur enn fremur ákveðið „deildarskiptingu“ reksturs sambandsins þannig að íþróttagreinarnar fjórar, þ.e. alpagreinar, skíðaganga, snjóbreitti og tvíkeppni (skíðaskotfimi) ásamt sameiginlegum stjórnarkostnaði eru reknar sem „deildir“. Íþróttagreinarnar fá sínar fjárveitingar, eins og fyrr og eru gerðar upp rekstrarlega sér. Rekstri skrifstofu og stjórnar er einnig haldið aðskilið frá öðrum rekstri. Framlög og gjöld vegna tvíkeppninnar (skíðaskotfimi) er haldið algjörlega aðskildum, enda er starfsemin rekin á fjármagni frá IBU (Alþjóðatvíkeppnis sambandinu).

Þá er verið að samræma útlit og framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlunar þannig að samanburður er auðveldari en áður var. Þrátt fyrir neikvæða afkomu á sl. ári eru eigin fjárstaða SKÍ jákvæð, en hinar miklu sveiflur sýna hve íþróttastarfið er brothætt í raun. Liður í endurskipulagningu fjármála SKÍ var að létta á lausafjárstöðunni með lántöku, en stjórn samþykkti sl. vor að taka 7 m.kr. lán til að gera upp við helstu samstarfsaðila sambandsins, þ.m.t. skíðafólk frá síðasta skíðaári og skuldbindingar vegna æfinga og keppni brettafólks okkar erlendis.

Samstarfssamningar voru á árinu gerðir við Sjóklæðagerðina (66°Norður) og Everest um fatnað fyrir okkar landsliðs- og úrvalshópa. Þessi fyrirtæki munu að öllum líkindum leggja þátttakendum okkar fatnað líka á Ólympíuleikunum. SKÍ stendur í viðræðum við Ícelandair um mögulega aukið og bætt samstarf félagsins við SKÍ. Vonast er til að við náum betri kjörum fyrir okkar fólk á ferðum ykkar til útlanda og ekki síður innan lands. SKÍ mun verða í sambandi við félögin vegna nauðsynlegrar upplýsingaöflunar vegna þessa verkefnis. SKÍ er með samstarfssamning við Bílaleigu Akureyrar (Höld) um bestu kjör á bílaleigubílum og auglýsingar á keppnisvestum.

Með bættum vinnubrögðum er gert ráð fyrir að stjórn SKÍ hafi betri sýn á útgjalda- og tekjustreymi sambandsins og þar að leiðandi betri stjórn. Einnig er von til þess að tekjur muni hækka á komandi árum. Aðallega eru vonir bundnar við aukin framlög vegna undirbúnings fyrir næstu Ólympíuleika, aukin framlög úr Afrekssjóði eins og stjórnvöld og ÍSÍ hafa kynnt. Þá eru væntingar um aukin framlög frá FIS vegna yfirtöku þess á sýningar- og auglýsingarétti FIS móta, sem hingað til hefur verið í höndum örfárra þjóða og mótshaldara.



Íþróttta- og mótamál

Hæfileikamótun Alpagreina

Verkefni hæfileikamótunar í alpagreinum hófst með þrekæfingahelgi í Reykjavík í byrjun September. Gist var í ÍR heimilinu í Mjódd og var gisting og matur í höndum skíðadeildar ÍR. Fjalar Úlfarsson og Egill Ingi Jónsson þjálfarar hæfileikamótunar sáu um framkvæmdina ásamt aðstoðarfólki. Tekið var Ironman test ásamt öðrum æfingum en einnig var fræðsla, Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ var með áhugaverðan fyrirlestur fyrir krakkana. Mættir voru 19 krakkar frá af öllu landinu.

Farin var æfingaferð á Hintertux jökulinn í Austurríki í október og gekk sú ferð vel þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður á jöklinum en það var mjög lítill snjór. Farastjóri var Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri SKÍ en þjálfarar í þessari ferð voru Egill og Fjalar en þeim til aðstoðar voru Sigríður Dröfn Auðunsdóttir og Grímur Rúnarsson. Fjöldi iðkenda í ferðinni voru 33 af öllu landinu. Skíðadagar í ferðinni voru 8 og var æft í um það bil 3-4 tíma en einnig voru þrekæfingar seinni partinn.

Í byrjun desember var skíðaæfing sem haldin var í Oddsskarði þjálfarar hæfileikamótunar undir stjórn Fjalars og Egils og þeim til aðstoðar var Kristinn Magnusson ásamt öflugum foreldrum frá Skíðafélagi Fjarðarbyggðar. Æfingar gengu ágætlega þrátt fyrir mikla snjókomu mest allan tímann en æft var frá föstudegi til sunnudags. Mættir voru 23 krakkar af öllu landinu.

Ólympíuleikar ungmenna (YOG) fóru fram í Suður Kóreu í janúar og sendum við þrjá keppendur, Dag Ými Sveinsson, Eyrúnu Erlu Gestsdóttur og Þórdísi Helgu Grétarsdóttur og kepptu þau öllu í svigi og stórsvigi, heilt yfir var árangurinn hjá þeim ágætur og fengu þau dýrmæta reynslu inn í framtíðina. Æft var í nokkra daga við ágætar aðstæður í Suður Kóreu fyrir leikana og var mikil kuldi í brekkunum. Þjálfari í ferðinni var Egill Ingi og honum til aðstoðar ver Sveinn Torfason sem einnig var sjúkraþjálfari. Brynja Þorsteinsdóttir var flokkstjóri.

Hæfileikamótun – Skíðaganga

Verkefni hæfileikamótunnar eru æfingabúðir innanlands og æfingaferð erlendis. Þetta er fyrsta þrepið í að móta skíðafólk framtíðarinnar og gera þau klár fyrir þátttöku í afrekshóp og síðarmeir landsliði. Markmið samæfinganna er að skapa jákvætt og skemmtilegt umhverfi fyrir alla iðkendur sem og efla og styðja við starf félaganna. Auk þess að efla tengsl iðkenda landshluta á milli og þannig styrkja samheldnina í þessum aldurshóp. Reynslan hefur sýnt að í verkefnum hæfileikamótunar hefur nýr vinskapur myndast iðkenda á milli.

Hæfileikamótunar verkefnið vinnur að því að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi auk þess sem við reynum eftir fremsta megni að tengja þennan hóp við afrekshóp og landslið. Með þessu móti fá bíðendurnir að reyna sig á æfingum með þeim bestu á Íslandi. Vonandi upplifa þau að það sé hægt að komast á það stig að þau geti tekið þátt í þeim verkefnum.

Meginmarkmið samæfinganna er:

- Byggja upp góða æfingamenningu
- Eftirfylgni með reglulegum þrekprófum
- Efla þátttakendur til að taka aukna ábyrgð á eigin æfingum
- Byggja upp sjálfstætt og öruggt íþróttafólk
- Ýmis fræðsla sem tengist íþróttinni, t.d. um æfingar, tækni, mataræði o.fl.

Til að efla starf hæfileikamótunar á komandi árum ber að tengja enn þéttar saman afrekshóp/landslið og hæfileikamótun. Halda áfram að veita þeim yngri tækifæri til að æfa með þeim bestu. Vinna að því að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem flestir geti verið með í öllum verkefnum. Fjöldi samæfinga og æfinga-/keppnisferða er að mati verkefnisstjóra hæfilegt þar sem þessi aldurhópur er að mestu eða að nánast öllu leyti undir leiðsögn þjálfara hjá sínum félögum.

Brotthvarf iðkenda úr íþróttum er oft á þeim árum þegar nám hefst í framhaldsskóla. Óskum við eftir að byggja upp lið til framtíðar ber að leggja höfuð áherslu á að styrkja þau verkefni og það starf sem unnið er hjá SKÍ fyrir þann aldurshóp. Í skíðagöngu er þetta á þeim árum sem þau ljúka sínu starfi með hæfileikamótun og geta byrjað að æfa með afrekshópnum. Til að mæta þessu ber að efla starf afrekshópsins til muna og SKÍ – Skíðagöngunefnd þarf í samráði við landsliðsþjálfara og afrekstjóra ásamt þeim sem hafa umsjón með hæfileikamótun og afrekshóp að móta heilsteypt plan fyrir afreksstarfið. Það er að segja nánari útlistun á því hvernig starfið/æfingar/keppni og annað fylgir ákveðnum þrepum frá hæfileikamótun – afrekshóp og upp í landslið. Þannig að hæfileikamótun og afrekshópur skili skíðafólki inn í landslið framtíðarinnar.



Hæfileikamótun Snjóbretti

Verkefni hæfileikamótunar voru mörg og hefur aldrei verið fleiri tengd hæfileikamótun og grasrótastarfi í snjóbrettum innan SKÍ. Fyrsta verkefnið var æfingarferð í Hintertux í október, þar fóru sjö snjóbrettaiðkendur og einn *freestyle* skíðaiðkandi.

Verkefni númer tvö, var æfingahelgi í Bláfjöllum þar sem iðkendur gistu í Ármanns skála og æfðu í brekkunum. Verkefni númer þrjú var YOG og stefnt var á að fara með einn iðkanda af hvoru kyni en hann Reynar Hlynsson slasaðist fyrir ferðina og fór ekki með. Júlíetta fór en slasaðist því miður í æfingun og gat ekki tekið þátt. Lokaverkefnið æfingarhelgi á Dalvík. Jökull Elí undirbjó og var með yfirumsjón með verkefnum og honum til aðstoðar, var Oddur Vilberg og aðrir sjálfboðaliðar.

Þátttaka í verkefnum Hæfileikamótun snjóbreitta fer sífellt vaxandi og virðist áhuginn hjá iðkendum vera að aukast. Markmið starfseminnar er að auka skilning og getu iðkenda á íþróttinni og skapa góðan grunn fyrir framtíðar kynslóðir. Með þessu framhaldi er okkar íþróttafólk að fá þau verkfæri sem þau þurfa til þess að stefna á atvinnumennsku og komast í landslið.



íða | 9

Afreksmál

Stjórn sambandsins valdi Snorra Einarsson og Krístrúnu Guðnadóttur sem skíða- og brettafólk ársins 2023 og hlutu þau viðurkenningu sem slík að hálfu ÍSÍ. Nánari upplýsingar um einstakar greinar er að finna í skýrslum formanna nefnda sem þeir gera nánar grein fyrir.

Mótakerfi SKÍ

Mótakerfið var notað til skráninga á þátttöku á öllum alpagreinamótum og snjóbrettamótum SKÍ á síðasta ári, nokkrum göngumótum. Góð og mikilvæg reynsla kom af notkun kerfisins í vetur og var helst að heimila engar skráningar á mót nema með greiðslu mótagjalda um leið. Í þeim tilvikum sem það var gert, eins og t.d. á Jónsmótinu á Dalvík, greiddu allir þátttakendur sín gjöld og gert var upp við mótshaldara að loknum móti. Skráningarforminu var breytt þannig um miðjan síðasta vetur að ekki er lengur í boði að skrá keppendur til leiks nema gegn staðgreiðslu mótsgjalda. Þetta fyrirkomulag mun bæði einfalda allt uppgjör og gera það skilvirkara. Greiðslur munu skila sér að móti loknu til mótshaldara refjalaust. Þegar mótsgjöld eru ekki staðgreidd og innheimt eftir mót, eru skil mótagjalda mun lakari og ganga hægar fyrir sér. Þau er jafnvel ekki greidd. SKÍ getur ekki greitt mótsgjöld sem ekki skila sér í hús og með því tekið fjármagn frá öðrum verkefnum til að borga fyrir þá sem ekki greiða.

Annað sem gert var, er að bjóða mótshaldara kóða eða setja inn fyrir sína félagsmenn aðgang þannig að þeir þurfi ekki að borga. Um mánaðarvinna fór í að gera upp þau gjöld sem skiluðu sér til þeirra félaga sem héldu mót. Í sumum tilfellum var mótum frestað eða þeim aflýst. Í þeim tilfellum sem mótum var aflýst eða að keppendur gátu ekki mætt til leiks á nýrri dagsetningum var félögum þeirra endurgreidd mótagjöldin og þeim falið að annað hvort endurgreiða keppendunum eða hvað annað sem við átti. SKÍ er ekki með greiðsluupplýsingar

um keppendur, nema við helst landsliðsmenn. Félögin hafa hins vegar skrár um sína félagsmenn eða foreldra þeirra.

Markmiðið er sem fyrr að halda utan um skráningar á öll mót SKÍ, innheimtu mótagjalda þar sem þarf og birtingu úrslita, stigastöðu o.fl. Skráningargögn eru tekin úr kerfinu, flutt yfir tímatökukerfi hvort sem er í alpa- eða göngugreinum og önnur skráningarkerfi í snjóbrettum, úrslitin unninn þar og síðan er það ábyrgð mótshaldara að koma úrslitum aftur fyrir með rafrænum hætti í kerfið. Með þessu er bæði birting úrslita skjótvirkari og öruggari en þegar þau eru handskráð. Enn fremur birtast öll úrslit móta á vegum SKÍ á einum stað, heimasíðu sambandsins. Þegar mótakerfið verður farið að virka og allir mótshaldarar notfæra sér það mun það spara okkur mikinn tíma, tryggja rétt úrslit og ekki síst skila mótshöldurum tekjur fyrir mótið sem þeir halda að móti loknu að fullu.

Boðið var upp á umræðu- og kynningarfundum með fulltrúum félaganna áður en keppnistímabilið hófst í fyrra og var þátttaka misjafnlega góð. Stefnt er að halda að nýju að hafa kynningar fyrir félögin á Mótakerfinu í haust, kynna kerfið betur og taka við ábendingum eftir því sem þarf.



Mótahald

Mótatöflur fyrir 2023 – 2024 voru birtar síðast liðið haust venju samkvæmt og gekk mótahald hjá okkur á síðastliðnu ári að langmestu leyti vel fyrir sig. Aflýsa þurfti lokamótinu á snjóbrettum vegna óhagstæðra skilyrða og einu bikarmóti 12-15 var seinkað um örfáa daga vegna veðurs. Fyrsta bikarmótinu á gönguskíðum var fært í Hlíðarfjall úr Bláfjöllum vegna snjóleysis fyrir sunnan. Þá var því miður nauðsynlegt að færa stórsvig sem átti að vera í Skálafelli í Bláfjöll, en það var mikið áfall þegar tilkynnt var að ekki yrði opnað í Skálafelli á skíðaárinu. Fulltrúar SKÍ áttu fundi með formanni og fulltrúum Skíðasvæðanna um þessi mál í vetur en allt kom fyrir ekki. Haldin voru nokkur mót í tvíkeppni (skíðaskotfimi) í vetur í tilraunaskyni sem gengu afburða vel, m.v. hve ný greinin er hér á landi. Nýjar keppnisreglur um tvíkeppnina liggja fyrir þessu þingi sem nauðsynlegar eru fyrir bæði mótahaldið og þurfa skv. reglum IBU að vera til staðar.

Skíðasambandið þarf í samvinnu við félögin að taka samtalið við skíðasvæðin um úrbætur og framfarir á skíðasvæðunum. Stjórn SKÍ samþykkti að taka samtalið með SKA, BFH og fleiri félögum um úrbætur fyrir æfingar og keppni á snjóbrettum. Ljóst er að við getum ekki haldið FIS mót á snjóbrettum miðað við núverandi aðstæður lengur. Eins er ljóst að til að við getum

haldið FIS mót víðar, þurfa aðstæður t.d. innviðir við tímatöku í alpagreinum að batna víða á landinu til að geta uppfyllt skilyrði FIS fyrir alþjóðlegu mótahaldi.

Fræðsla, útbreiðsla og þróun


Þróun fjölda iðkenda

Að meðaltali eru um 1.430 skráðir iðkendur í skíða- og snjóþrettaiþróttir á ári frá 2010 til ársins 2023. Nokkrar sveiflur eru árlega í fjölda iðkenda innan hreyfingarinnar, allt frá 19% aukningu milli ára. Flestir voru skráðir árið 2017 eða 1.608, en fæstir árið 2015 eða 1.256. Ætla verður að veðurfar og aðstæður til æfinga og keppni hafi talsverð áhrif á fjölda iðkenda sem og Covid-19.

Skv. lauslegu mati á iðkendafjölda einstakra greina virðist sem iðkendum alpagreina hafi fækkað talsvert frá árinu 2015 þegar þeir voru flestir, en öðrum iðkendum fjölgað þar með talið í félögum í þeim skíðafélögum sem stunda fleiri en eina grein. Sérstök snjóþrettafélög, þ.e. Þrettáfélag Hafnarfjarðar og Þrettáfélag Fjarðarbyggðar voru fyrst skráð innan SKÍ árið 2015. Vegna ónákvæmni gefur þessi mynd e.t.v. vísbendingar um þróun, en ekki nákvæma mynd af þróun innan SKÍ síðustu 14 árin. Hingað til hafa skráningakerfi ÍSÍ (Felix eða Sportabler) ekki boðið upp á aðgreiningu milli greina, en slíkt mun vera í athugun hjá ÍSÍ. Þar að leiðandi er ekki hægt, eins og er að sjá breytingar hjá einstökum greinum þar sem mörg félög eru fjölgreinafélög, þ.e. með fleiri en eina grein innan sinna raða. Við fyrstu sýn er um þriðjungur iðkenda innan félaga innan SKÍ með fleiri en eina grein sem stundaðar eru innan þeirra raða.

Það er Skíðasambandinu mjög mikilvægt að geta séð þróun einstakra greina sérstaklega eftir að tvíkeppni eða skíðaskotfimi er orðin keppnisgrein innan sambandsins, en það er bæði ólympísk grein og hluti af öðru alþjóðlegu sambandi, þ.e. IBU. Þessi aðgreining skiptir einnig máli

þegar kemur að FIS því sambandið veitir einnig styrki á grundvelli þeirra greina sem stundaðar eru og keppt er í hjá hverri aðildarþjóð.



Aðstöðumál

Skíða- og snjóbreittaíþróttir eru sennilega þær greinar íþróttanna sem hvað mest eru háðar veðri og ytri aðstæðum, af þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru hér á landi. Það kom berlega í ljós á þar síðasta vetri þegar fresta þurfti eða færa varð nokkrum mótum vegna veðurs eða snjóleysis. Það hefur líka þurft að aflýsa mótum, nú síðast Snjóbreittamóti Íslands í Bláfjöllum í vor. Lítil þróun hefur verið í að auka eða bæta aðstöðu til æfinga og keppni á skíðum undangengin ár. Þó var tekið í notkun nýtt sjóframleiðslukerfi Bláfjöllum. Enn fremur voru settar voru nýjar og glæsilegar lyftur í Bláfjöllum og aðstæður lagaðar fyrir snjóbreitti, en betur má ef duga skal.

Blaðsíða | 12

Fulltrúar SKÍ áttu fund með formanni stjórnar Samráðsnefndar skíðasvæðanna á höfuðborgarsvæðinu um endurskoðun ákvörðunar um að opna ekki í Skálafelli sl. vetur. Því miður skilaði sú vinna okkar ekki árangri. Það sem mestu skiptir er að halda uppi umræðunni um aðstöðu, eða öllu heldur aðstöðuleysi skíða- og snjóbreittaíþróttanna í landinu. Þar holar dropinn steinninn.

Möguleikar eru á meiri snjóframleiðslu og á fleiri stöðum en nú er gert. Framleiða má snjó og geyma yfir sumartímann og nýta á haustin þegar fer að kólna og opna „lágmarksaðstöðu“ til æfinga fyrir keppnisfólk a.m.k. Hægt væri með tiltölulega litlum tilkostnaði að opna aðgang að svæðum með snjó lengri tíma á árinu en nú er. Það er alveg hægt að skíða á sumrin hér á landi eins og sagan segir okkur og gert var í Kerlingarfjöllum til margra ára.



Við þurfum að sameinast um að bæta æfinga- og keppnisaðstöðu okkar félaga, en víða uppfylla aðstæður og aðbúnaður ekki lágmarkskröfur til mótahalds. Skíðasambandið þarf, í samvinnu við skíðafélögin, að herja á bæði sveitarfélög og ríki um úrbætur og aukinn skilning stjórnvalda á aðstöðuleysi skíðaíþróttanna í landinu.

Lóð undir skíðahús er til umræðu milli Reykjavíkurborgar og Skíðasambandsins. Slíkt hús myndi gjörbylta möguleikum okkar til æfinga hér á landi.

Mótun íþrótt- og afreksstefnu

Vinna við endurskoðun íþrótt- og afreksstefnu SKÍ er í vinnslu, en henni er ekki lokið. Fagnefndir SKÍ hafa sett fram áætlanir um verkefni næstu ára. Raunverulega er ekki hægt að ljúka þessari vinnu fyrr en að ytra umhverfi liggur fyrir, þ.e. hvaða fjármagn hreyfingin hefur úr að spila. Eins og kunnugt er, hafa ríkisstjórnin og ÍSÍ kynnt metnaðarfullar hugmyndir um margföldum fjármagns til íþróttamála á næstu árum. Reyndar hófst þetta ferli með lækkun fjárveitinga, vegna almennra niðurskurðarkröfu ríkisins á þessu ári. En á þessu þingi mun Vésteinn Hafsteinsson kynna þær hugmyndir sem liggja fyrir að hálfu ríkisins og ÍSÍ og við þurfum líka að ræða í hreyfingunni hvað við ætlum að gera sjálf til að bæta og efla starfið.

Ákveðið var við stefnumótunarvinnuna að funda með fulltrúum félaganna og er tveimur fundum lokið, á Austurlandi og Norðurlandi að hluta. Þessari vinnu verður haldið áfram í vetur. Það er nauðsynlegt fyrir hreyfinguna að gott samband sé á milli SKÍ og félaganna og góður skilningur sé á verkaskiptingu á milli þessara eininga innan hreyfingarinnar.



Lokaorð

Vinnu við stefnumótun hreyfingarinnar er í gangi. Ákveðið var að halda fundi með aðildarfélögum og er sú vinna hafin. Fram hefur komið á þeim fundum sem haldnir hafa verið í því sambandi að félögin þurfa að vera í reglulegu samtali við SKÍ, uppfæra stjórnenda- og viðtakandalista. Einnig hefur verið rætt að SKÍ og aðildarfélögin þurfa að efla samvinnu í aðstöðumálum og eiga samtal við stjórn Samtaka skíðasvæðanna. Bætt aðstaða er grundvöllur þess sem gera skal.

Ný reglugerð Afrekssjóðs verður birt á næstunni með m.a. ítarlegri útfærslu á úthlutunarreglum en gilt hafa hingað til. Þessar reglur eru liður í auknum kröfum samhliða auknum fjárveitingum til íþrótt- og afreksmála sem væntanlega líta dagsins ljós á næsta ári, þ.e. 2025.

Skíðasambandið þarf að taka á ýmsum málum og setja í markvissan farveg. Í lok þessa mánaðar fara þrjár einstaklingar á námskeið FIS til að viðhalda og öðlast réttindi sem eftirlitsmenn (*Technical Delegates*) í alpagreinum. Þá hefur verið ákveðið að halda námskeið fyrir innlenda dómara á snjóbrettum hér á landi síðar í haust. Menntun og endurmenntun þjálfara þarf að vera í takt við tímann og uppfylla þær gæðakröfur sem gerðar eru til þjálfaramenntunar. Það er mikilvægt að skíðahreyfingin haldi áfram að stuðla að því að fá inn nýja einstaklinga til að öðlast réttindi sem eftirlitsmenn og dómara ásamt því að stuðla að menntun þjálfara í öllum greinum.

Aðstöðumál fyrir allar greinar er nokkuð sem þarf stöðugt að vera í brennidepli. Uppbyggingin í Bláfjöllum undanfarin ár er fagnaðarefni ásamt mörgum öðrum minni verkefnum á öðrum skíðasvæðum. SKÍ hefur haft frumkvæði að því að koma af stað umræðu um gamla hugmynd að skíðahúsi og er komið á samtal við borgaryfirvöld um það mál. Skíðafélögin þurfa að huga að aðstöðumálum í sinni heimabyggð á einn eða annan hátt og þarf sú vinna að vera stöðugt í gangi.

Alþjóðasamskipti SKÍ hafa verið í föstum skorðum síðustu 15-20 árin og hefur SKÍ og fulltrúar SKÍ tekið þátt í helstu fundum á alþjóðavettvangi. Það er mikilvægt að rödd Íslands sem smáþjóðar heyrist. Þó svo að Ísland sé smátt innan alþjóðaskíðahreyfingarinn þá nýtur það virðingar og hlustað er á rödd Íslands. Gott merki þess er að litla Ísland var valið sem staður til að halda 100 ára afmælisþing FIS í júní sl. í Hörpu.

Að lokum þakkar stjórn SKÍ starfsmönnum, sjálfboðaliðum, nefndarfólki og skíðahreyfingunni fyrir gott samstarf sl. ár.

F.h. stjórnar SKÍ,

Bjarni Th. Bjarnason formaður.

Skýrslur nefnda 2023-2024

Alpagreinanefnd

Í nefndinni:

- Sigurður Sveinn Nikulásson - formaður
- Kristinn Logi Auðunsson
- Erla Ásgeirsdóttir

Nefndin starfar samkvæmt starfsáætlun og fundar reglulega samkvæmt henni. Nefndin fundar reglulega með nýjum afrekstjóra Brynju Þorsteinsdóttir en einnig funda nefndarmenn án afrekstjóra þess á milli.

Stærsta verkefni alpagreinanefndar 2024 var stofnun nýs landsliðs og ráðning landsliðsþjálfara, einnig eru helstu verkefni nefndarinnar er gerð fjárhagsáætlunargerðar komandi starfsárs og val í landslið Íslands í alpagreinum, ný stefna í hæfileikamótun og ráðning þjálfara fyrir hana og gæði bætt og meiri fagmennska.

Landsliðsmál

Mikið hefur gerst síðasta tímabil í stefnumótum, ferlum og breytingum á landsliðssamningum. Settar hafa verið meiri kröfur á landsliðsfólk um fleiri daga á skíðum, þrektest, skila inn æfingadagbókum og áætlunum, meiri kröfur um mætingar í landsliðsverkefni og fl.

Iron-man þrektest er orðið að veruleika og verða iðkendur að standast ákveðnar kröfur og ná ákveðnum stigum til að vera í landsliði

Landslið í AGN er eins og hér segir.

- Í A liði eru Bjarni, Matthías, Gauti og Hólmfríður.
- Í B liði eru Elín Van Pelt, Jón Erik, Tobias

Sturla Snær einn okkar fremsti skíðamaður síðastliðin ár hefur ákveðið að dusta rykið af skíðunum og taka þau af hillunni og ætlar að æfa og keppa með landsliði Íslands næstu misseri.

AGN og afrekstjórinn Brynja Hrönn tóku viðtal við alla í landsliðinu og fórum yfir samninga kröfur og skipulag.

Marko Spojiljaric er nú ráðin sem landsliðsþjálfari, stefnt er að vera meir og minna erlendis á skíðum frá 01.10-30.04 og mun liðið vera með fasta staðsetningu frá 01 des og út mars.

Marko hefur þjálfað fyrir Skíðalið RVK og BBL síðastliðin 7 ár og náð frábærum árangri, þar á undan var hann með *Austrian Racing Camps*.

Fjalar Úlfars hefur verið ráðin til að sjá um hæfileikamótun, enn hæfileikamótunin hefur verið skrifuð upp á nýtt og auknar kröfur og fagmennska í fyrirrúmi þvert á allar greinar SKÍ.

Mót og árangur.

Farið var á HM unglunga Morzine Frakklandi og náðu keppendur einum besta árangri Íslendinga í yfir 20 ár enn Ísfirðingurinn Hafsteinn Sigurðsson hefur séð um að halda utan um

mælingar því tengdu og birti skemmtilegar niðurstöður um það enn SKÍ átti 6 keppendur á HM unglinga.

- Bjarni Þór Hauksson
- Matthías Kristinsson
- Jón Erik Sigurðsson
- Tobias Hansen
- Elín Elmarsdóttir Van Pelt
- Eyrún Erla Gestsdóttir

Flest allir landsliðsmenn bættu punktana sýna verulega mikið síðasta vetur, flestir kepptu á yfir 30 mótum í vetur víðsvegar um heiminn.

Einnig sendi SKÍ 3 krakka á YOG sem voru haldnir í suður Kóreu og gekk vel.

- Dagur Ýmir náði 25. sæti í svigi en náði ekki að klára seinni ferðina í stórsviginu.
- Eyrún Erla varð í 31. sæti í svigi en náði ekki að klára fyrri ferðina í stórsviginu.
- Þórsdís Helga náði 29 sæti í stórsvigi en náði ekki að klára seinni ferðina í sviginu.

Hólmfríður Friðgeirsdóttir reyndi fyrir sér í WC í vetur enn meiddist í febrúar og varð frá að hverfa það verður spennandi að fylgjast með henni næsta vetur.

María Finnboga, Björn Davíðs og Hjördís Birna fyrrv. landsliðsfólk ákváðu að leggja skíðin á hilluna og þakkar SKÍ og AGN fyrir frábært samstarf, framlag og fyrirmynd í gegnum árin.

Landsmót Gekk vel enn mikill vinna fór í að græja réttar brekkur fyrir landsmót í ár því RVK borg ákvað að loka eina löglega keppnisbakkanum á suðurlandi Skálafelli enn fyrir rest gátu Bláfjallamenn með mikilli elju mokað stóran startpall til að hækka hæða-metra og fékkst samþykkt að halda löglegt GS mót í Bláfjöllum og SKÍ ber þeim miklar þakkir fyrir.

Skíðadeild Ármanns hélt landsmót með sóma enn SKRR og BBL hélt *Útilífscup* dagana fyrir landsmót og allt heppnaðist vel og mikill sómi af.

Dalvík, Akureyri og Skíðafélagið í Oddskarði héldu alþjóðlegmót í vetur og eiga heiður skilið fyrir flott mót, metnað og umgjörð.

Unglingaflokkar og mótahald U16 og U14 gekk mjög vel í vetur enn Ísfirðingar héldu t.d sitt fyrsta mót í nokkur ár og var eftirtektarvert metnaðurinn og fagmennskan var fyrsta flokks

Lowlanders Er enn þá og í samstarfi við SKÍ þarna eru aukin tækifæri fyrir Íslenska krakka sem vilja æfa meira erlendis.

Fræðslumál

SKÍ hélt þjálfari 1 og kenndi Snorri Páll námskeiðið og gekk vel. Stefnt er að því að halda námskeiðið *þjálfari 2* næsta vetur.

Undirritaður hefur talsverðar áhyggjur af fjársvelli SKÍ, en ÍSÍ er fjársvelt líka og því eru sérsamböndin það líka, framlög hafa lækkað mikið síðastliðin 2 ár og gríðarlega erfitt að halda úti metnaðarfullu afrekstarfi enn vonandi eru bjartari tímar framundan og hefur undirritaður mikla trú og von um að Vésteinn nýr afrekstjóri ÍSÍ muni breyta íþróttu og afreksmálum á Íslandi, með auknu fjármagni og metnaði.

Ég minni líka á að Skíðasambandið er skíðahreyfingin, hættum að tala hlutina niður, verum jákvæð og vinnum saman, allar hendur á skófluna eru vel þegnar til að koma moka leiðina áfram til framtíðar.

Formaður Alpagreinaneftndar, Sigurður Sveinn Nikulásson.

Skíðaganga

Landslið

Landsliðið hélt nokkrar samæfingar síðasta sumar og haust líkt og hefur verið undanfarin ár. Vegard Karlstrøm landsliðsþjálfari vill meina að það hafi verið miklar framfarir hjá bæði Degi og Krístrúnu, en kannski sérstaklega í afrekshópnum. Dagur og Krístrún höfðu aldrei æft eins mikið og þau gerðu síðasta vetur enda náði Dagur besta árangri sínum síðasta tímabil. Tímabilið byrjaði vel hjá Krístrúnu en síðan lenti hún í meiðslum og náði ekki að klára veturinn eins og til stóð.

Blaðsíða | 18

Aftekshópur

Aftekshópurinn hefur æft gríðarlega vel og er greinilegt að þau sem eru í honum stefna hátt með fyrsta markmið að komast í landsliðið. Miðað við æfingar og framfarir hjá hópnum er nokkuð ljóst að þetta eru framtíðarlandsliðsfólkið okkar og líklegt að einhverjir úr hópnum nái að komast í landsliðið næsta vor.

Hæfileikamótun

Þriðja ár Hæfileikamótunarinnar og sem fyrr var það Þorsteinn Hymer sem sá um það. Fyrsta samæfing var haldin á Akureyri í júní og sú síðari á Ísafirði í september á sama tíma og landsliðið var með æfingu þar. Einnig var farin æfingaferð með 13 krakka til Sjusöen í Noregi og var Ólafur Th. Árnason aðstoðarþjálfari og Brynja Þorsteinsdóttir aftekstjóri fararstjóri. Frábær ferð í alla staði.

Heimsmeistaramót unglínga

Aðalmót vetrarins var heimsmeistaramót unglínga í Slóveníu. Keppendur voru Fróði Hymer, Ástmar Kristinsson, Grétar Smári Samúelsson og Ævar Valbjörnsson. Fróði átti mjög góða sprettgöngu en veiktist síðan og náði ekki að klára mótið. Aðrir áttu fínar göngur og mótið var sett í reynslubankann hjá þeim öllum.

YOG í Suður Kóreu

Haldið voru tvö úrtökumót fyrir leikana og endaði það þannig að þau Hjalti Böðvarsson og María Ólafsdóttur úr Ulli náðu besta árangrinum og voru valin til að keppa á leikurunum. Þau stóðu sig með mikilli þryði og náðu besta árangri sem Íslendingar hafa náð á svona leikum frá upphafi. Bæði mjög efnileg. Hjalti er núna í skíðamenntaskóla í Noregi. Þeir Einar Yngvason og Guðmundur Kristjánsson (Muggur) fóru með sem fararstjórar og smurningsmenn.

Bikarmót og SMÍ

Það gekk vel að halda bikarmótin og var hægt að halda allar keppnirnar síðasta vetur. Skíðamót Íslands var haldið á Ísafirði og gekk vel. Þetta var í þriðja sinn sem bæði UMÍ og SMÍ eru sett saman í eitt mót. Einhverjir voru efins um að þetta fyrirkomulag í byrjun en mér sýnist reynslan vera að sanna að þetta er form sem verði áfram um ókomna tíð, eða svo lengi sem fjöldinn er ekki mikið meiri en hann er í dag.

Íslandsgöngur

Íslandsgöngurnar voru allar haldnar með mismunandi árangri eins og gengur en ljóst er að sumar göngurnar þurfa að auka þátttökufjöldann til að gera göngurnar stærri og skemmtilegri. Hluti af því að auka almenningssáhugann á seríunni var að búa til liðakeppni samhliða einstaklingskeppninni. Það tókst mjög vel í vetur og var það ekki fyrr en á síðasta mótinu sem úrslitin réðust, svo jafnt var á milli efstu liða.

Almennt

Það er enn þá mikil iðkun á landsvísu og má segja að það sé komin ákveðin „normalisering“ í nýliðun í sportinu. Það er ekki sami fjöldi nýliða eins og var fyrir nokkrum árum. Hins vegar er orðið nokkuð normal að sjá almenning æfa sig á hjólaskíðum að sumri til og hafa verið haldin nokkur hjólaskíðamót í sumar (2024).

Skíðaskotfimi

Á síðasta tímabili var keppt þrisvar sinnum í tvíkeppni í göngu líkt og árið á undan. Strandamenn hafa tekið af skarið og eru fremstir á meðal jafningja þegar kemur að framþróun og framgangi íþróttarinnar á landsvísu. Þeir fjárfestu í nýjum .22 kalíbera rifflum og skotmörkum. Þeir voru með skíðaskotfiminámskeið sem var vel sótt. Einnig hafa þeir verið með reglulegar æfingar yfir veturinn. Til háborinnar fyrirmyndar hjá þeim. Undirritaður fór á þróunarfund hjá IBU til Östersund í Svíþjóð í maímánuði.

Einar Ólafsson, formaður Skíðagöngunefnd og starfshóps um Skíðaskotfimi.

Snjóbretti

Hæfileikamótun

Verkefni hæfileikamótunar voru mörg og hefur aldrei verið fleiri tengd hæfileikamótun og grasrótastarfi í snjóbrettum innan SKÍ. Fyrsta verkefnið var æfingarferð í Hintertux í október, þar fóru sjö snjóbrettaiðkendur og einn *freestyle* skíða iðkandi. Verkefni númer tvö, var æfingahelgi í bláfjöllum og verkefni númer þrjú, var æfingahelgi á Dalvík. Jökull Elí undirbjó og var með yfirumsjón með verkefnum og honum til aðstoðar, var Oddur Vilberg og aðrir sjálfboðaliðar.

Blaðsíða | 20

Skipun nefndar

- Aðalsteinn Valdimarsson formaður
- Linda Björk Sumarliðadóttir meðstjórnandi
- Margrét M. Róbertsdóttir meðstjórnandi

Auk þess hefur Grímur Rúnarsson starfað með nefndinni að málefnum *freestyle* (skíðafimi) auk annarra mál. Nefndin starfar samkvæmt starfsáætlun og fundar reglulega samkvæmt henni. Nefndin fundar reglulega með afrekstjóra, Brynju Þorsteinsdóttir, en einnig funda nefndarmenn án afrekstjóra þess á milli. Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið fjárhagsáætlunargerð komandi starfsárs og val á landsliðum Íslands í snjóbrettum, grasrótastarf og bæta fagmennsku innan snjóbretta- og *freestyle* hjá SKÍ.

Innlend mót

Á dagskrá 2024 voru sex FIS mót (þrjú risastökk og þrjú brettafimi) en aðeins voru haldin fjögur mót og öll á Akureyri. Fresta þurfti mótinu í Bláfjöllum tvisvar sinnum vegna veðurs og aðstæðna á svæðinu, og á endanum var hætt við mótið. Snjóbrettamót Íslands fór fram á Akureyri.

Landsliðsmál

Miklar breytingar hafa verið í gangi og verða áfram, í fagmennsku í kringum landsliðsfólk á snjóbrettum. Breytingar á samningum við landsliðsfólk, settar eru kröfur um fjölda daga á snjó, þrekpróf, æfingabækur og áætlun fyrir tímabilið, einnig er gerð karfa um að mæta í ákveðin verkefni og taka þátt í landsmóti.

A-LANDSLIÐ

- Baldur Vilhelmsson - SKA
- Benedikt Friðbjörnsson - SKA
- Marinó Kristjánsson - BFH
- Vildís Edwinsdóttir – BFH

Baldur, Marinó og Benedikt fylgdu prógrammi og áætlun frá WAY (Why Ain't You) staðsett er í Zillertal í Austurríki. Vildís er búsett í Are í Svíþjóð og fylgir þar prógrammi frá sínum þjálfara þar, einnig hefur hún tekið þátt í æfingaverkefnum með sænska snjóbrettalandsliðinu. A landsliðið tók saman og tók þátt í tveimur æfingarbúðum með erlendum þjálfara. A landsliðsfólk keppir á alþjóðlegum mótum yfir allt tímabilið og reynir eftir

fremsta megni að styrkja stöðu sína á heimslista og halda sæti sínu í A liði. Mikil meiðsli og brottföll einkenndu keppnisárið hjá A liði Íslands.

B-LANDSLIÐ

- Anna Kamilla Hlynisdóttir - BFH
- Júlíetta Iðunn Tómasdóttir – SKA

Anna Kamilla fylgir prógrammi frá sínum skóla, NTG í Noregi. Júlíetta Iðunn fylgir prógrammi frá sínum skóla í Svíþjóð. Anna Kamilla tók þátt í mörgum erlendum mótum og bætti stöðu sína á heimslista og vann sér inn sæti í A liði á komandi tímabili.

Landsmót

Haldið var landsmót á Akureyri á vordögum, mótið gekk ágætlega þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

YOG (Youth Olympic Games)

Reynar Hlynsson og Júlíetta Iðunn voru valinn til þess að keppa fyrir íslandshönd á YOG og þjálfari með í för var Jökull Elí. Því miður meiddist Reynar illa á undirbúningsmóti á Ítalíu stuttu fyrir mót og Júlíetta Iðunn meiddist á æfingu í keppnisbraut á YOG. Leiðinleg niðurstaða en Snjóbrettanefnd var reynslunni ríkari eftir ferðina.

Þjálfaranámskeið

Snjóbrettanefnd hélt þjálfaranámskeið á Akureyri í byrjun janúar og voru þjálfarar Jökull Elí íþróttافرæðingur og Sölvi Bernóðusson alþjóðlegur snjóbrettaþjálfari. Mikil ánægja var með námskeiðshelgina, 18 þjálfara frá öllum félögum landsins, sem eru með skipulagðar snjóbrettaæfingar, mættu norður. Mikil lyftistöng fyrir fagmennsku í klúbbunum og verða haldinn fleiri námskeið á komandi árum.

Dómaramál

Núna á haustdögum 2024 er planað að halda dómaramámskeið á snjóbrettum á Íslandi. Erfitt er að manna alþjóðlega FIS mót á Íslandi í snjóbrettum vegna fárra dómara með alþjóðleg réttindi. Með námskeiðinu vonumst við til að fjölga íslenskum snjóbretta dómurum.

Landsliðsfólk

Baldur Vilhelmsson. Í byrjun sumars tilkynnti Baldur Vilhelmsson að hann ætlar að leggja keppnisbrettið á hilluna. Snjóbrettanefnd Skíðasambands Íslands óskar Baldri til hamingju með glæsilegan feril og hlakkar til að fylgjast með honum í öðrum verkefnum tengdum snjóbrettum.

Almennt

Snjóbrettanefnd þakkar fyrir sig. Fyrsta ár þessarar nefndar með nýtt fólk í öllum stöðum lokið og ánægja er með samstarfið. Á miðju tímabili kom Grímur Rúnarsson inn í nefndina til að hjálpa okkur við innleiðingu *freestyle* og annarra verkefna nefndarinnar og hefur mikill kraftur fylgt hans innkomu. Nefndin hefur gert meiri kröfur til landsliðsfólks á komandi ári og verður spennandi að sjá hvort sá þáttur beri ekki ávöxt. Einnig er mikill kraftur í verkefnum tengt hæfileikmótun, met aðsókn í æfingarhelgi og æfingarferð haustið 2024.

Ný nefnd þýðir nýjar áherslur sem snúa að fagmennsku í landsliðsstarf, fleiri og betri verkefni í hæfileikamótun, menntun þjálfara, menntun eftirlitsmanna, aðstöðumál, grasrótastarf og margt fleira. Margt búið að gera en einnig margt framundan.

Aldrei má þó gleyma því að það á að vera gaman á snjóbrettum

Aðalsteinn Valdimarsson, formaður Snjóbrettanefndar.